

Nd.

76. Frumvarp

til laga um verzlunarlóð Ísafjarðar.

Flutningsmaður: Finnur Jónsson.

1. gr.

Verzlunarlóð Ísafjarðar skal ná yfir jarðirnar Seljaland og Eyri (með Stakkanesi), að undanskilinni Eyrarhlíð frá Urtusteini til landamerkja Hnifsdals og Eyrar (á Miðhlíð), og takmarkast að norðan af línu, sem dregin sé beina leið frá Urtusteini til fjalls.

2. gr.

Lög nr. 43 26. október 1917 eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir einróma áskorun bæjarstjórnarinnar á Ísafirði og miðar að því að minnka verzlunarlóðina í kaupstaðnum í þá stærð, er bæjarstjórnin álitur hæfilega.